

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margræti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 13. mars 2018
Mnr. 2017120027



ÍSAFJARÐARBÆR

Beiðni um aukningu á stöðugildum á leikskólanum Grænagarði

Við móttöku flóttamanna nú í mars 2018 varð sú ánægjulega breyting að fjögur ung leikskólabörn bætast við á Flateyri. Leikskólin Grænigarður er langt frá því fullnýttur og því auðvelt að taka á móti börnunum fáist starfsfólk. Sviðsstjóri hefur sett barnafjöldann inn í ný samþykkt líkan og samkvæmt því vantar 1,25 stöðugildi.

Auglýst hefur verið eftir starfsfólki og ætti að vera hægt að ganga frá ráðningu fyrir næstu mánaðarmót.

Hér er farið fram á heimild til að bæta við 1,25 stöðugildum, kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir kr. 4.400.000 árið 2018. Sviðsstjóri hefur rætt fjármögnun við fjármálastjóra sem telur að taka þurfi upphæðina af afgangi ársins 2018 verði beiðnin samþykkt.

MH